



Til aðildarsveitarfélaga  
sent með tölvupósti

Egilsstöðum 23. júní 2020

### **Tillögur um breytingar á stofnsamningi Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs.**

Forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins lagði meðfylgjandi breytingartillögur við stofnsamning byggðasamlagsins fyrir stjórnarfund þann 15. júní 2020. Tillögurnar voru samþykktar og ákveðið að senda þær til aðildarsveitarfélaganna til skoðunar.

Við endurskoðun textans var leitað ráða hjá lögfræðideild Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ástæða breytinga er annars vegar sameining sveitarfélaga á starfssvæðinu. Hins vegar þörf á að breyta samningnum þannig að hann verði í betra samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Núverandi stofnsamningur tók gildi 1. desember 2018. Hér má lesa núverandi stofnsamning í heild.

Aftar í skjalinu eru skýringar við breytingar á hverri grein fyrir sig. Þegar sveitarfélögin hafa tekið stofnsamninginn til umræðu er gert ráð fyrir að endanlegar tillögur verði lagðar fyrir aðalfund Héraðsskjalasafnsins í nóvember.

Fyrir hönd stjórnar,

Bára Stefánsdóttir  
forstöðumaður